



### 34. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 19. september 2007, kl. 16:30.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð.. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Guðmundur Eypórsson mætir á fundinn sbr. liður 16 í fundargerð bæjarráðs frá 5. september sl.
2. Fulltrúar Hvatar mæta á fundinn til viðræðna um endurnýjun samnings og verkefni næstu ára.
3. Bréf frá Lögmannsstofunni v. Aðalgötu 3a og 3b.
4. Sorphirða í dreifbýli Blönduóssbæjar.
5. Drög að reglugerð um lögreglusamþykktir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
6. Erindi frá leikskólastjóra.
7. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
  - a. Viðmiðunarreglur um kirkjugarsstæði ofl.
  - b. Verkefni um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.
8. Fundargerðir:
  - a. Norðurá bs. frá 4. september 2007.
  - b. 15. ársþing SSNV 24.-25. ágúst 2007.
9. Trúnaðarmál - skólasókn utan lögheimilissveitarfélags.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Guðmundur Eypórsson mætir á fundinn sbr. liður 16 í fundargerð bæjarráðs frá 5. september sl. Guðmundur greindi frá sínum sjónarmiðum vegna beitarhólfa en málið var á dagskrá bæjarráðs þ. 18. janúar 2006 og 15. febrúar 2006. Formanni bæjarráðs fallið að leita lausna í málinu.

Bæjarstjóri sat ekki fundinn undir þessum lið.

2. Fulltrúar Hvatar mæta á fundinn til viðræðna um endurnýjun samnings og verkefni næstu ára. Mætt eru Þórhalla Guðbjartsdóttir, form. Hvatar, Auðunn St. Sigurðsson gjaldkeri og Hilmar Hilmarsson frá knattspymudeild. Í upphafi máls þeirra kom fram að vilji er til frekara samstarfs og að unnin sé framtíðarsýn varðandi samstarfið. Helstu atriði sem rædd voru:

- Vallarsvæðið: skilgreina þarf nánar hvað teljast viðhaldverkefni og hvað framkvæmdir og hver ber ábyrgðina. Rætt um tækjakost vallarins og endurnýjunarþörf.
- Húsnæði og búningaöstaða. vallahús, aðstaða í íþróttahúsi, skrifstofa, geymslur og búningaöstaða.
- Starfsstyrkur.
- Smábæjarleikar.

Samþykkt að vinna að endurnýjun samninga og mótun framtíðarsýnar í tengslum við fjárhagsáætlanagerð næsta árs.

3. Bréf frá Lögmannsstofunni v. Aðalgötu 3a og 3b. Í bréfi lögmannsstofunnar er húseiganda Aðalgötu 3b gefinn kostur á að ljúka endanlega framkvæmdum sbr. fyrri bókanir skipulags-, byggingar- og veitunefndar fyrir 10. október nk. svo ekki komi til beiðingar þvingunarúrræða.
4. Sorphirða í dreifbýli Blönduóssbæjar. Verkefnisstjóri á skrifstofu óskar eftir afstöðu bæjarráðs með að heimilað verði að stækka sorpilát við bæi í dreifbýli Blönduóssbæjar. Bæjarráð samþykkir erindið.
5. Drög að reglugerð um lögreglusamþykktir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt fram til kynningar.
6. Erindi frá leikskólastjóra. Óskað er fjárveitingar vegna húsgagna í leikskólann sbr. meðfylgjandi kostnaðaryfirliti, kr. 2.455.000,- Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.



7. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
  - a. Viðmiðunarreglur um kirkjugarsstæði ofl.  
*Lagt fram til kynningar en um er að ræða viðmiðunarreglur um skyldur sveitarfélaga og kirkjugarðsstjóra varðandi gerð kirkjugarða.*
  - b. Verkefni um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.  
*Bæjarráð fagnar þessum samstarfsvettvangi sveitarfélaga á sviði úrgangsmála og lýsir Blönduósbæ reiðubúinn til þátttöku í verkefninu.*
8. Fundargerðir:
  - a. Norðurá bs. frá 4. september 2007.  
*Lögð fram til kynningar.*
  - b. 15. ársþing SSSNV 24.-25. ágúst 2007.  
*Lögð fram til kynningar.*
9. Trúnaðarmál - skólasókn utan lögheimilissveitarfélags.  
*Erindi bókað í trúnaðarbók.*
10. Önnur mál.
  - a. *Bæjarstjóri lagði fram bréf, dags. 13. september sl. sem hún sendi fjármálaráðherra. Í bréfinu er óskað eftir viðræðum við um flutning embættis skattstjóra Norðurlandsumdæmis vestra á Blönduós enda sé staðsetning embættisins í dag á Siglufirði/Fjallabyggð sem staðsett er í Norðurlandskjördæmi eystra.*
  - b. *Bæjarstjóri tjáði að gögn vegna endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar yrðu tilbúin á næsta fundi bæjarráðs.*
  - c. *Fundur sveitarfélagsins með fjárlaganefnd Alþingis er fyrirhugaður 28. september nk.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:50.

*Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Kári Kárason (sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson (sign.)*